

Mánudaginn 19. júní 1961.

Nr. 152/1960. **Trygging h/f** (Kristján Eiríksson hdl.)

gegn

Rögnu Björnsson

(Sigurgeir Sigurjónsson hrl.).

Dómenndur:

hæstaréttardómararnir Gizur Bergsteinsson, Árni Tryggvason
og Lárus Jóhannesson og prófessorarnir Magnús P. Torfason
og Theodór B. Lindal.

Slysatrygging.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 18. ágúst 1960. Hann krefst sýknu af kröfum stefndu og málskostnaðar úr hendi hennar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefnda krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar í Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Eftir uppkvaðningu héraðsdóms hefur nokkurra gagna verið aflað í málinu, þ. á m. hafa tveir dómkvaddir sérfróðir menn látið uppi álit um, hversu langur tími hafi þurft að liða, frá því að bifreið, eins og þeirri, er í málinu greinir, var ekið inn í geymslu, eins og þar getur og að öðru leyti við sömu aðstæður og vitneskja hefur fengizt um, og þar til loftið í geymslunni væri orðið svo mettað af kolsýrlingi, að það væri banvænt manni, er sæti undir stýri bifreiðarinnar. Ólafur Jóhannsson læknir hefur og gefið vottorð um hættusemi kolsýrlingseitrunar.

Eins og segir í héraðsdómi, verður að telja sannað, að Sigurður Guðmundsson hafi látizt af kolsýrlingseitrun. Áfrýjandi hafði ekki í skilmálum um slysatrygginguna sérstaklega undanþegið sig ábyrgð vegna slyss af völdum slíkrar eitrunar, eins og fram er komið, að ýmis önnur vátryggingarfélög gera. Hins vegar tók tryggingin samkvæmt vátryggingarskilmálunum ekki til slysa eða dauða af völdum sjálfsmorðs, tilraunar til sjálfsmorðs eða ef tryggði vilj-

andi ylli sér slysi (4. gr.) né af völdum sjúkdóms, sjúklegs ástands eða veiklunar (1. gr.).

Í hinum áfrýjaða dómi er lýst aðdraganda og atvikum að láti Sigurðar Guðmundssonar, heilsu hans og högum samkvæmt þeim gögnum, er lágu fyrir héraðsdómi. Fyrir Hæstarétti hefur ekki fengizt frekari vitneskja um þessi atriði. Samkvæmt þessum málgögnum þykja ekki, eins og nánar er rakið í héraðsdómi, þrátt fyrir miklar líkur í gagnstæða átt, fullnægjandi sönnur að því færðar, að um sjálfsmorð hafi verið að tefla eða að Sigurður heitinn Guðmundsson hafi af ráðnum hug látið hjá liða að gera nauðsynlegar ráðstafanir til varnar váttryggingaratburðinum, sbr. 124. gr. laga nr. 20/1954. Fyrir Hæstarétti er því hins vegar lýst af hálfu áfrýjanda, að hann hafi í váttryggingarskilmálunum vikið frá nefndu lagaákvæði, að því er varðar stórfellt gáleysi af hendi váttryggingartaka.

Með vísan til raka hins áfrýjaða dóms eru heldur ekki efni til að telja, að um hafi verið að ræða þau tilvik, er getur í áðurnefndu ákvæði 1. gr. váttryggingarskilmálanna.

Samkvæmt því, er nú hefur verið rakið, ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefndu váttryggingarfjárhæðina ásamt vöxtum, eins og krafizt er.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Áfrýjandi, Trygging h/f, greiði stefndu, Rögnu Björnsson, kr. 1.000.000.00 með 7% ársvöxtum frá 17. september 1959 til greiðsludags.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 22. júní 1960.

Mál þetta, sem tekið var til dóms í dag, var höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, sem birt var 22. september 1959, af

frú Rögnu Björnsson, Ásvallagötu 24 hér í borg, sem samkvæmt leyfi, dags. 19. ágúst 1959, situr í óskiptu búi eftir mann sinn með þremur ófjárráða börnum, gegn Tryggingu h/f, en það félag á varnarþing hér í borg. Krefst stefnanda greiðslu á vátryggingarfé, að upphæð 1.000.000.00 króna, svo og 7% vöxtum p.a. frá 17. september 1959 til greiðsludags og málskostnaði að skaðlausu samkvæmt taxta Lögmannafélags Íslands.

Af hálfu stefnda er krafizt sýknu og málskostnaðar eftir mati dómsins.

Málsatvik eru þessi: Hinn 30. júlí 1959 andaðist Sigurður Árnason Guðmundsson, forstjóri lakk- og málningarverksmiðjunnar Hörpu h/f, en hann var eiginmaður stefnanda. Sigurður var slysatryggður hjá stefnda. Tryggingarskírteinið hefur verið lagt fram í málinu. Það er gefið út 5. marz 1959 til endurnýjunar á öðru skírteini, og skyldi tryggingin gilda frá 10. marz 1959 til 9. marz 1960. Hún nam allt að kr. 1.000.000.00, og var tryggt fyrir dauðaslysi og örorku þannig, að greiða skyldi eina milljón króna, ef dauðaslys yrði. Iðgjaldið var kr. 3.750.00, en þar við bættist skattur, kr. 375.00. Á skírteinið eru prentaðir almennir skilmálar fyrir slysatryggingar. Þar segir m. a.:

„1. gr.

TRYGGINGARSVIÐ. Tryggingin nær til slysa, sem hinn tryggði verður fyrir á tryggingartímabilinu og sem sannast innan 6 mánaða frá því slysið varð, að valdi óvinnuhæfni, örorku að nokkru eða öllu leyti eða dauða, enda sé slysið sannanlega hin raunverulega orsök og bótaskyldt samkvæmt eftirfarandi reglum

Ef rekja má dauða hins tryggða að nokkru eða öllu leyti til sjúkdóms, sjúklegs ástands eða veiklunar, sem bjó í honum, er slysið vildi til, eða byrjaði síðar án þess að orsakast af slysinu, greiðast engar dánarbætur

4. gr.

UNDANSKILDAR ÁHÆTTUR. Félagið greiðir ekki bætur fyrir slysi, sem stafa af:

- a) Sjúkdómum (sjá nánar 1. gr.) og lækniaðgerðum, nema þær séu framkvæmdar í því skyni að ráða bót á afleiðingum slyss.
- b) Þungun konu eða barnsburði.
- c) Persónulegri þátttöku tryggða í hernaðaráttökum.

- d) Sjásmorði, tilraun til sjálfsmorðs, eða ef tryggði viljandi veldur sjálfum sér slysi eða áverka.
- e) Geðbilun eða við að fremja glæpi.

9. gr.

RÁÐSTAFANIR, ER SLYS BER AÐ HÖNDUM. Ef slys ber að höndum, skal hinn slasaði þegar leita læknis og fara í öllu eftir fyrirmælum hans. Slysið verður að tilkynna tafarlaust á þar til gerð eyðublöð, sem félagið lætur í té, og ef þau eru ekki tiltæk, þá til bráðabirgða á annan hátt.

Við dauðsfall skal slysið tafarlaust tilkynnt símleiðis.

Félagið getur, hvenær sem er, látið rannsaka heilsufar hins slasaða með læknisskoðun eða á annan hátt.

10. gr.

BÆTUR. C. Dánarbætur. Valdi slysið dauða innan árs, frá því að það bar að höndum, greiðast dánarbætur, og eru þær jafnháar vátryggingarupphæðinni, þó að frádregnum þeim örorkubótum, sem kunna að hafa verið greiddar

11. gr.

GREIÐSLUR SLYSABÓTA. Þegar félaginu hafa borizt nægileg gögn í hendur til þess að taka ákvörðun um slysabætur, getur greiðsla bóta að öllum jafnaði farið fram. Dagpeningar geta greiðzt og dánarbætur, innan viku frá því að borizt hafa fullnægjandi sannanir fyrir greiðsluskyldu félagsins og hverjir séu réttir erfingjar hins tryggða.

.....“

Engir sérstakir skilmálar, varðandi tryggingu Sigurðar Guðmundssonar, eru skráðir á skírteinið. Ekkj er þess getið í skírteininu, hverjum greiða skuli dánarbætur. Ekkj er í skírteininu vísað til laga um vátryggingarsamninga.

Slysatrygging fyrir Sigurð Guðmundsson mun upphaflega hafa verið keypt hjá stefnda í marz 1954, og var upphæðin þá kr. 500.000.00. Var tryggingin framlengd síðan, en í janúar 1957 var keypt önnur trygging, jafnhá hinni fyrri. Í marz 1957 voru gefin út til eins árs tvö skírteini, hvort um tryggingu að upphæð kr. 500.000.00, en ári síðar eitt skírteini um einnar milljón kr. tryggingu. Sú trygging var sem fyrr greinir endurnýjuð í marz 1959.

Um atvik, varðandi andlát Sigurðar Guðmundssonar, er þetta fram komið í máli þessu:

Aðiljaskýrsla frá stefnanda hefur verið lögð fram, og er hún svohljóðandi:

„Við hjónin vorum erlendis 1957 og 1958 í frí um mánaðartíma hvort sumar, en í sumar ákváðum við að vera heima. Við keyptum okkur tjald og allan viðleguútbúnað, sem við notuðum okkur til mikillar ánægju. Fríið byrjuðum við fyrst í júlí, nokkuð af tímanum vorum við hér í Reykjavík, en hinn hlutann upp á Hvítárbökkum við Hvítárbrúna, en þar eiga Ása systir mín og Hannes Ólafsson, eiginmaður hennar, sumarbústað. Við stunduðum veiðar í Grímsá, en þar höfðum við veiðisamning. Þetta var vel lukkað sumarfrí og okkur til mikillar ánægju. Björn, sonur okkar, var með okkur nokkuð af tímanum, en Jón Ásgeir, eldri sonur okkar, hafði farið til Ameríku sem messadrengur á Lagarfossi, og áttum við von á honum með Lagarfossi síðast í júlí.

Nú förum við eina ferðina enn upp í Borgarfjörð þ. 27. júlí. Með okkur voru Björn, Ása systir mín og Karítas systir Sigurðar. Við ókum upp að Hvítárvallaskálanum, skruppum heim með Ásu, en fórum síðan niður í Borgarnes með Karítas og gistum þar um nóttina. Vorum við í Borgarnesi fram eftir degi þann 28., en síðan var haldið upp á Hvítárakka (Hvítárvallaskálann), tjaldað þar og gist um nóttina.

Næsta dag, þ. 29., heyrðum við í útvarpinu um hádegis, að Lagarfoss væri von þ. 30., og ákváðum þá að skreppa í bæinn og sækja Jón Ásgeir, því að hann átti að fá að fara með okkur í Grímsá frá 31. júlí til 4. ágúst, og hlakkaði pabbi hans til að kenna honum að veiða lax, hann hafði aldrei fengið að reyna það fyrr. Ætluðum við því að fara upp eftir aftur þ. 30. júlí.

Í síðustu veiðiferð hafði veiðzt sérstaklega vel, og var Sigurði mikið áhugamál að komast sem fyrst upp eftir aftur að veiða.

Nú lá okkur ekkert á í bæinn, og var því ákveðið að fara með Ásu til kunningja á nokkra bæj í héraðinu. Í bakaleiðinni komum við að Múlakoti, því Sigurður þurfti að tala við Matthías bónda um framtíðarleigu á Matthíasar parti af Grímsá. Tók Matthías því vel, og gerðu þeir munnlegan samning.

Við fórum einnig fram að Sturlu-Reykjum, en síðan var haldið niður að Hvítárbökkum með systur mína, nú tekur Sigurður eftir því, að það er lítið loft í einu hjóli bílsins, spyr hann Hannes hvort ekki sé hægt að bæta úr því í Hvítárvallaskálanum, nei,

það var ekki hægt, og taldi Sigurður þá að dekkið mundi duga suður, en sagðist mundi skipta um hjól í Reykjavík og við koma aftur næsta dag. Við keyrðum til Reykjavíkur á tiltölulega löngum tíma út af dekkinu, 3—3½ tíma. Þegar heim kom, bárum við inn dótið og fórum að háttu.

Ég háttaði fyrst, en Sigurður sagði við mig, að rétt væri kannske fyrir sig að skreppa inn í Hörpu og sjá, hvort nokkur áriðandi bréf væru þar, það ég hann blessaðan að láta það bíða morguns, og féllst hann á það. Hann átti það mikið til að fara inn í Hörpu á ýmsum tímum, svo mér kom þetta ekki á óvart, þótt honum dytti í hug að fara þangað um þetta leyti.

Í einni Borgarfjarðarferðinni bilaði eitthvað í einni hurðinni á bílnum, svo ekki var hægt að skrúfa rúðuna upp, þetta var á Hvítárbökkum. Hannes og Sigurður reyndu mikið að lagfæra þetta, en tókst ekki, seinna þess dags, sem þeir reyndu þetta, reyndi Sigurður aftur sjálfur, og tókst honum að laga rúðuna, var hann mjög stoltur af þessu og sagðist ekki sjá betur en hann gæti gert við bílinn sinn sjálfur framvegis.“

Þá hefur stefnandi skýrt svo frá, að þau hjón hafi, að því er hana minni, komið úr ferðinni til Borgarfjarðar milli kl. 12 og 1 aðfaranótt 30. júlí. Hún segist hafa sofnað kl. 2.00, en vaknað kl. 6.00, og þá hafi maður hennar ekki verið heima. Stefnandi kveðst telja, að hann hafi ætlað að gera við bílinn sinn og skipta um dekk, en þenna sama dag hafi þau ætlað aftur upp í Borgarfjörð. Stefnandi var sérstaklega að því spurð, hvort hún hafi haft nokkurt tilefni til að álíta, að eiginmaður hennar hefði stytst sér aldur, eða til að gruna, að svo hefði verið. Kvað hún nei við.

Lögregluskýrsla var tekin 30. júlí 1959 um andlátíð, og er meginmál hennar svohljóðandi:

„Í morgun, kl. 0850, var tilkynnt símleiðis til lögreglustöðvarinnar, að eldur mundi vera laus í vörugeymslu í húsi Kemikalía h/f í Dugguvogi 21. Fóru lögreglu- og slökkviliðsmenn þegar á vettvang. Þá kom í ljós, að þarna var ekki um eld að ræða, en inni í vörugeymslunni stóð bifreiðin R 7144. Hafði vél bifreiðarinnar auðsýnilega verið í gangi þarna inni, en hafði stöðvazt, sennilega vegna loftleysis, og var neistinn á. Vélarhlífin var uppi, geymsluhólfið aftaná bifreiðinni var opið, og allar rúður í hurðum bifreiðarinnar höfðu verið skrúfaðar niður. Hjólkoppurinn hafði verið tekinn af vinstra afturhjólinu og lá við hjólið ásamt felgulyklinum. Í framsæti bifreiðarinnar undir stýrinu sat eigandi bifreiðarinnar, Sigurður Árnason Guðmundsson forstjóri,

Ásvallagötu 24. Hann var meðvitundarlaus. Sigurður var strax fluttur í sjúkrabifreið í slystofuna. Þar var hann strax skoðaður af læknum, meðal annars Haraldí Guðjónssyni, aðstoðarlækni borgarlæknis, sem taldi, að Sigurður væri dáinn fyrir nokkurri stundu.

Bára Sigurbjörnsdóttir, Snekkjuvogi 21, kom fyrst í morgun í Dugguvog 21, en hún ræstir skrifstofurnar hjá Kemikalía h/f. Fannst henni þá reykjarlykt koma út úr vörugeymslunni og datt í hug, að kviknað væri í þar, og símaði þegar til framkvæmdastjóra fyrirtækisins, Ólafs G. Einarssonar, Álheimum 34. Ólafur símaði þegar til slökkviliðs og lögreglu. Áður en lögreglan og slökkviliðið komu á vettvang, kom þangað einn af starfsmönnum fyrirtækisins, Kjartan Kjartansson, Mávahlíð 34. Hann opnaði vörugeymsluna, og var aðkoman þá, eins og áður er lýst. Lögregla og slökkvilið komu svo að rétt í sama bili.

Allar dyr byggingarinnar voru læstar, þegar að var komið í morgun. Sigurður Guðmundsson var stjórnarformaður í Kemikalía h/f og hafði lykla að byggingunni. Annars kom hann þarna mjög sjaldan, og hann geymdi bifreið sína þarna aldrei.

Kona Sigurðar Guðmundssonar, Ragna Björnsdóttir, hefur skýrt rannsóknarlögreglunni svo frá, að þau hjónin hafi verið uppi í Borgarfirði í gær og komið þaðan um kl. 2400 í nótt og fóru þá beint heim til sín. Hún segir, að Sigurður hafi þá haft orð á að skreppa inn í málningarverksmiðjuna Hörpu til að aðgæta, hvort þar væri nokkuð af bréfum til hans, en Sigurður er forstjóri þess fyrirtækis. Frú Ragna taldi, að það mætti bíða til morguns, og féllst Sigurður á það. Þau fóru síðan að háttu, og frú Ragna kveðst hafa sofnað um kl. 0200. Hún vaknaði aftur um kl. 0600. Þá var Sigurður horfinn úr rúmum sínu.

Frú Ragna sagði, að sér væri ekkj kunnugt um annað en að Sigurður hefði verið algerlega heilbrigður undanfarið. Hún segir, að hann hafi að vísu unnið ákaflega mikið og verið þreyttur, en að öðru leyti hafi heilsa hans virzt vera í lagi.

Sigurður Árnason Guðmundsson var fæddur 15. febrúar 1906.

Kona Sigurðar hefur gefið samþykki til, að réttarkrufning fari fram á líkj hans.“

Lík Sigurðar Guðmundssonar var krufið 31. júlí af Níelsi Dungal prófessor, og hefur skýrsla hans um krufningu verið lögð fram í málinu. Þar segir m. a.:

„Líkið kemur hingað alklætt. Fötin eru hrein og þokkaleg, og ekkert sérstakt á þeim að sjá. Líkið er af 170 cm háum manni í

frekar góðum holdum. Það er alstirt. Mikið er af líkblettum á baki, og eru þeir áberandi rauðleitir, en vottar lítt fyrir bláum lit. Engin áverkamerki sjást neins staðar á líkinu. Ekkert er athugavert við munn eða nef, og engin vilsa er þar. Bæði sjáöldur eru mjó og jafnstór. Engar blæðingar eru í conjunctiva.

.....
 Í gallblöðrunni sást mikil lipoid-teikning, og í henni voru tveir ertustórir, hrjúfir gallsteinar, ljósgulleitir, léttir. Báðir voru nokkurn veginn hnöttóttir. Gallgangar eru gegnumdregnir.

.....
 H. nýra vó 240 gr. Í neðri pól þess sást æxli, sem var næstum hænuæggs stórt, og skagaði það fram á við úr neðri pólnum. Þegar í æxlið var skorið, sáust í því töluverðar blæðingar, en innan um þær ljósgulleitur, linur vefur. Var æxlið sæmilega skarpt afmarkað frá umhverfinu, en náði þó alveg inn að pelvis nýrans. Ekki sást blæðing í pelvis nýrans neins staðar. Í þessu nýra sáust einnig margar cystur, fylltar tærum vökva. Hafa þær verið alls 10 talsins, og í mörgum þeirra var allt að 1—2 cc af vatnstærum vökva. Að öðru leyti var ekkert sérstakt á nýrna parenchyminu að sjá.

V. nýra vó 155 gr. Í þessu nýra sást aðeins ein cysta, inni við hilus, og mun hún hafa innihaldið 1—2 cc af vatnstærum vökva. Á þessu nýra, sem er greinilega minna en hitt, var yfirborðið slétt og leit vel út, en þar sáust á yfirborðinu tveir smáblettir, annar rúmlega ertustór, ljósleitur. Þegar í hann var skorið, sást þar fleigmyndaður, hvítgulleitur blettur, sem náði dálítið inn í cortex. Hinn bletturinn var ekki nema rúmlega hrísgrjónastór, einnig ljósgulleitur. Að öðru leyti sást ekkert athugavert við parenchym þessa nýra. Pelves og ureteres voru eðlilegir beggja megin.

.....
 Blóð var athugað spectroscopískt, og fannst þá greinileg og sterk svörun fyrir kolsýrlingi.

Engin áfengislykt fannst af líkinu.

ÁLYKTUN:

Af upplýsingum lögreglunnar ásamt því, sem fannst við krufninguna og spectroscopíska rannsókn, virðist auðsætt, að maðurinn hefur látizt af kolsýrlingseitrun, vegna þess að hann hefur verið inni í lokuðu rúmi, þar sem bíllinn hefur verið í gangi.

Í h. nýra var hænuæggsstórt, illkynjað æxli (hypernephroma),

sem ekki hafði enn brotízt inn í nýrnaskálina, en var komið alveg að henni.“

Með bréfi til sakadómarara, dags. 15. september 1959, óskaði lögmaður stefnda, Kristján Eiríksson héraðsdómslögmaður, eftir framhaldsrannsókn vegna fráfalls Sigurðar Guðmundssonar. Þeirri beiðni var vísað til Dómsmálaráðuneytisins, og að fengnum fyrirmælum þaðan tilkynnti sakadómarari lögmanninum, að ekki yrði orðið við beiðninni. Þeirri ákvörðun var skotið til Hæstaréttar, sem vísaði málinu frá með dómi 28. október 1959, þar sem ákvörðunin yrði ekki að lögum kærð til réttarins.

Nokkrir menn hafa svarað spurningum fyrir dómi um atvik máls þessa. Hefur þá komið fram, það er nú skal greina, varðandi sjálft andlátíð:

Frú Bára Sigurbjörnsdóttir, ræstingarkona hjá Kemikalía h/f, kom á skrifstofu fyrirtækisins að morgni 30. júlí 1959. Að eigin sögn fannst henni þar vera óvenjulega heitt og þungt loft, og hélt hún, að kviknað væri í. Hringdi hún heim til forstjórans, Ólafs Einarssonar, og tilkynnti honum um þenna grun. Ekki kvaðst Bára hafa komið inn í vörugeymsluna, þar sem bifreið Sigurðar Guðmundssonar stóð, og ekki sagðist hún hafa veitt því athygli, hvort gluggar og hurð vörugeymslunnar voru lokuð.

Kjartan Kjartansson, sem starfaði sem bifreiðarstjóri hjá Kemikalía h/f, þegar Sigurður Guðmundsson andaðist, kom í húskynni fyrirtækisins þenna sama morgun. Hann segir svo frá: Dyr vörugeymslunnar, sem hann hafði aðgang að, voru lokaðar, svo að hann gat ekki opnað þær með lykli eins og venjulega. Þá fór hann að dyrum, sem gengið er um inn í skrifstofu fyrirtækisins, og hitti þar frú Báru Sigurbjörnsdóttur. Sagðist hún halda, að kviknað væri í vörugeymslunni, Kjartan gekk þá inn í vörugeymsluna gegnum dyr, sem eru á milli skrifstofunnar og geymslunnar. Ekki man Kjartan, hvort hurðin á milli var læst, en svo var almennt. Lykill var geymdur á skrifstofunni, og vissu starfsmenn almennt um hann. Ekki sá Kjartan eld í vörugeymslunni, en bíl Sigurðar heitins og að eitthvað óvenjulegt var við hann, þar sem vélarhlíf og farangursgeymsla voru opnar. Varð Kjartani þá litið inn í bilinn, og sá hann Sigurð við stýrið og að eitthvað slys hafði komið fyrir. Opnaði Kjartan dyr vörugeymslunnar að austan með því að taka niður klinku, og einnig opnaði hann vesturdyr til að hleypa út hinu mengaða lofti. Ástæðan til þess, að ekki hafði tekizt að opna austurdynnar að utanverðu, var sú, að klinka var fyrir að innanverðu, og sagði Kjartan fyrir dómi, að alls ekki hafi verið venju-

legt, að lokað væri með klinkunni. Þess skal getið, að dómendur skoðuðu umbúnað á hurðinni 30. maí s.l., og var þeim tjáð, að enn myndi sami útbúnaður vera á henni og var, þegar Sigurður Guðmundsson andaðist. Klinkurnar á hurðinni eru járnstengur, sem snúast á nagla, og er annar armur þeirra þyngri en hinn, svo að sú, sem hér er um að ræða, lokaði vegna eigin þunga, þegar dómendur athuguðu hana.

Í framburði Kjartans Kjartanssonar kom að öðru leyti fram, að hann vissi ekki, hvort aðrir höfðu lykla að austurdyrum vörugeymslunnar. Ekki mundi hann heldur, hvort lykill var í hurðinni að innanverðu. Þegar Kjartan hafði opnað dyrnar, hringdi hann að eigin sögn í sjúkrabíl og til lögreglunnar. Ekki kveðst hann hafa snert á neinu og ekki gætt að, hvort kveikjan í bifreið Sigurðar var á. Hann kvaðst muna, að báðar framrúður bílsins voru skrúfaðar niður og örugglega önnur afturrúðan og að hægri hurðirnar voru báðar aftur, en ekki þorði hann að segja ákveðið um, hvort vinstri hurðirnar voru lokaðar. Kjartan kveðst ekki hafa veitt því sérstaka athygli, hvort gluggar vörugeymslunnar voru lokaðir, þegar hann kom að umræddan morgun. Þó telur hann, að svo hafi verið. Loks lýsti vitnið nokkuð austurhurð vörugeymslunnar, en hana skoðuðu dómendur síðar, eins og áður er fram komið. Hurðin er þrískipt. Í miðju er lítil hurð, sem opna má sérstaklega, og er þá hægt að ganga þar um.

Ólafur G. Einarsson var framkvæmdastjóri Kemikalía h/f, meðan Sigurður Guðmundsson lifði, en hefur nú látið af því starfi. Hann skýrði svo frá fyrir dómi, að frú Bára Sigurbjörnsdóttir hefði hringt í sig, þar sem hún hafði haldið, að kviknað væri í. Kveðst Ólafur hafa hringt á slökkviliðið, en síðan hraðað sér á vettvang. Þá hafi Kjartan Kjartansson verið kominn á staðinn og verið búinn að opna dyrnar. Ekki taldi Ólafur læsingum austurhurðar vörugeymslunnar hafa verið breytt, frá því að Sigurður Guðmundsson dó.

Þá hefur borið vitni í máli þessu Vildimar Árnason benzínafgreiðslumaður. Hann kvaðst hafa komið að húsi Kemikalía h/f rétt fyrir kl. 9 þann dag, sem Sigurður Guðmundsson fannst þar látinn. Var þá þannig ástatt, að hurð var hrundið upp, nákvæmlega er vitnið kom á staðinn með Ólaf Einarsson í bifreið. Sáu þeir þá að sögn Valdimars, að mikinn reyk eða svart kaf lagði út um dyrnar. Maður, er sýnilega virtist starfsmaður þarna, kom á móti þeim út að bifreiðinni og sagði: „Sigurður er þarna inni“. Þeir fóru inn, og var talsverður reykur, þótt búíð væri að opna

stóru hurðina. Vitnið sá Sigurð heitinn sitja undir stýrinu, útvarp bíls hans var í gangi, en ekki bíllinn sjálfur, og a. m. k. þrjár rúður voru skrúfaðar niður. Ekki veitti Valdimar því athygli, hvort gluggar vörugeymslunnar voru lokaðir.

Þá er þess að geta, að stefnandi hefur skýrt svo frá, að um niúleytið þenna morgun hafi hún farið í leigubifreið inn í Hörpu til að athuga, hvort maður hennar væri þar. Einnig kveðst hún hafa farið inn í Dugguvog. Hafi hún viljað vita, hvar maður hennar var. Stefnandi kveðst áður hafa hringt inn í Dugguvog, en hringt í skakkt númer, og var ekki svarað.

Enn fremur er fram komið, að þenna sama morgun fór séra Óskar J. Þorláksson heim til stefnanda ásamt Oddi Helgasyni, núverandi forstjóra Hörpu h/f, sem bæði var í stjórn þess fyrirtækis og stefnda í máli þessu, Valdimar Jónssyni, verksmiðjustjóra í Hörpu, og Ólafi G. Einarssyni, framkvæmdastjóra Kemikalía h/f. Lögmaður stefnda óskaði þess, að nokkrar spurningar yrðu lagðar fyrir séra Óskar, en hann neitaði að svara þeim. Var honum talið óskytt að gera það með úrskurði, sem kveðinn var upp á bæjarþinginu 19. febrúar s.l. og staðfestur í Hæstarétti 18. marz.

Valdimar Jónsson hefur skýrt svo frá, að honum hafi ekki virzt stefnanda koma lát Sigurðar á óvart. Valdimar sagði, að þeir, sem heim til stefnanda fóru til að færa henni andlátsfréttina, hafi óttast, að hún myndi láta yfirbugast, en sér hafi virzt að hún væri viðbúin slæmum fréttum. Ekki kvaðst Valdimar muna orðrétt, hvað stefnandi sagði, en minna, að hún hafi látið orð falla á þá leið, að hann væri látinn og hún óskaði ekki eftir, að það yrði rætt frekar í það sinn. Efnislega hafi verið um það rætt, hvernig látið hafi borið að, og hafi allir viðstaddir álitnið, að Sigurður hafi fyrirfarið sér. Hafi stefnandi sagt eitthvað á þessa leið: „Hann hefur ekki viljað lifa lengur, og við skulum ekki ræða það frekar“. Þá sagði þetta vitni, að stefnandi hafi haft orð á að hlífa börnum þeirra hjóna við því að fá nákvæmar upplýsingar um atvik að dauða Sigurðar.

Oddur Helgason færðist í upphafi undan því að svara spurningum í máli þessu, þar sem hann væri í stjórn hins stefnda hlutfélags og hluthafi. Einnig hafi hann verið samstarfsmaður Sigurðar Guðmundssonar um langt skeið og því ógeðfellt að svara spurningunum. Einnig skýrði Oddur svo frá, að hann sæti í stjórn fjögurra fyrirtækja með stefnanda. Væri sér mikið óhagræði að því að svara spurningunum. Stjórn stefnda skoraði síðar á Odd

að koma fyrir dóm, og varð úr, að hann gerði það. Hann var þá m. a. að því spurður, hvort stefnandi hafi látið nokkur sérstök orð falla, eftir að séra Óskar J. Þorláksson hafði tilkynnt henni látið. Svaraði hann þannig: „Það var mjög lítið rætt um þetta. Hún sagði, að það væri ekkert um þetta að ræða, hann hafi ekki viljað lifa lengur.“ Þá var Oddur spurður, hvort hann minntist þess, að það hafi við þetta tækifæri verið gefið í skyn við stefnanda, að maður hennar kynni að hafa fyrirfarið sér. Hann kvaðst ekki minnast þess og ekki muna eftir, að rætt hafi verið um þenna möguleika við þetta tækifæri.

Ólafur G. Einarsson sagðist fyrir dómi ekki geta svarað því ákveðið, hvort honum hafi virzt stefnanda koma lát manns hennar á óvart. Hafi sér ekki virzt hún verða undrandi, þegar hún fékk fréttirnar. Hún hafi sagt eitthvað á þá leið, að hann hafi ekki viljað lifa lengur, og væri ekkert við því að segja, það yrði að taka því.

Stefnandi sjálf sagði, að hún hafi verið í stofu, sem veit út að götunni í íbúð hennar að Ásvallagötu 24, þegar hún þenna morgun sá tvo bíla koma að húsinu. Út úr öðrum þeirra hafi komið menn þeir, sem áður eru nefndir. Er hún hafi séð, að presturinn var með, hafi hún vitað, að eitthvað alvarlegt hefði komið fyrir. Yngsta barn hennar hefði verið í húsinu, og hún því talið, að hún þyrfti að standa sig vel og vera sterk, eins og máli var komið. Hafi hún gengið fram á stigapallinn og tekið á móti prestinum, sem gekk fyrstur. Hafi hún strax séð á honum, að alvarlegasta stund lífs hennar var upp runnin. Hafi presturinn bersýnilega verið kominn til hennar til að færa henni sorgarfréttir. Séra Óskar hafi óskað eftir að tala einslega við hana, og meðan þau áttu tal saman og hann tilkynnti henni látið, biðu hinir í borðstofunni. Síðan hafi hún kallað í þá, því að hún hafi búizt við, að þeir vildu eitthvað tala við hana, og hafi þeir þá sagt henni sína skoðun á málinu.

Páll Haukur Gíslason, bifreiðarstjóri hjá Hörpu h/f, hefur borðið vitni í máli þessu. Hann kvaðst hafa sótt bifreið Sigurðar í hús Kemikalía h/f 30. júlí. Kveðst hann hafa þurft að herða á tveimur róm, sem festa hjólið á, og setja hjólkoppinn á. Þá tók hann eftir, að ekki var eins mikið loft í dekkinu og vera átti. Fór hann með bílinn á bensínstöð og dældi lofti í dekkið. Þenna dag ók hann bifreiðinni að Hlöðutúni í Borgarfirði, og var stefnandi í bifreiðinni og Björn sonur hennar. Bifreiðin dugði ágæt-

lega í því ferðalagi, en Páll Haukur skipti um viftureim, áður en hann fór úr bænum. Hafði hann tekið eftir, að rafallinn hlóð ekki, opnað vélarhúsið og séð, að reimin var að fara í sundur.

Í máli þessu hefur verið lagt fram vottorð undirritað af Hannesi Ólafssyni og Ásu Björnsson. Segir þar, að ekki hafi verið nóg loft í einu af hjólunum á bíl Sigurðar Guðmundssonar, þegar hann fór frá þeim 29. júlí 1959. Hafi Sigurður talað um, hvort ekki væri hægt að fá loft í Hvítárvallaskálanum. Það var ekki hægt, en Sigurður talaði þá um, að því er segir í vottorðinu, að dekkið myndi duga suður, en hann myndi skipta um dekk, áður en hann kæmi aftur næsta dag.

Einnig hefur verið lögð fram kvittun, dagsett 1. júní 1959, þar sem prókúruhafi Kemikalía h/f kvittar fyrir greiðslu frá Hörpu h/f fyrir veiðileyfi í Grímsá 31. júlí til 4. ágúst.

Í máli þessu hefur verið lagt fram vottorð frá Veðurstofu Íslands. Segir þar, að veður á miðnætti aðfaranótt 3. júlí hafi verið þannig, að vindur hafi verið 3 stig af suðsuðvestri, alskýja að hafi verið, skyggni 40—45 km og hiti 11°C. Kl. 3 hafi vindur verið eitt stig af suðaustan, súld hafi verið, skyggni 15—16 km og hiti 10°C. Kl. 6 hafi vindur verið 3 stig af austan, alskýja að hafi verið, skyggni 30—35 km og hiti 9.8°C.

Hefur nú verið rakið það, sem fram er komið um atburði, varðandi andlát Sigurðar Guðmundssonar. Ýmis atriði hafa komið fram, sem átt hafa að skýra atburði þessa. Verður þeirra nú getið.

Um heilsufar hins látna hafa nokkur vitni borið. Heimilislæknir hans var Karl Sig. Jónasson, móðurbróðir stefnanda. Svohljóðandi vottorð frá honum var lagt fram í málinu:

„Ég undirritaður var heimilislæknir Sigurðar heitins Guðmundssonar síðastliðin 20 ár.

Ég hefi á þessum árum fylgt nákvæmlega með heilsufari hans. Hann var ávallt mjög hraustur og fékk sjaldan umferðarveiki. Hann starfaði ávallt af kappi og tók sér aldrei hvíld frá vinnu. Vorið 1955 kvartaði hann um úthaldsleysi við störf og áleit sig ekki frískan.

Hann lá þá um tíma í Landakotsspítala til rannsóknar, en í ljós kom aðeins þreyta eftir langvarandi ofvinnu.

Hann tók sér þá langt frí og dvaldi þá við Miðjarðarhaf og náði sér að fullu. Eftir það vann hann sér léttara og var ávallt vel frískur.

Sjúkdómur sá, er við krufningu fannst í hægra nýra hans, var ekki kominn á það stig, að hann gæfi nokkur einkenni við sjúkrarannsókn.“

Læknirinn kom fyrir dóm. Hann kvaðst ekki vita til, að Sigurður hafi um það leyti, sem han tók sér hvíld vegna ofþreytu (defatigatis), verið stundaður af öðrum læknum. Jafnframt lét læknirinn þess getið, að gefnu tilefni, að Sigurður hefði ekki haft hækkaðan blóðþrýsting.

Stefnandi var spurð um heilsufar manns síns, sem hún kvað hafa verið ágætt síðustu árin, sem hann lifði.

Valdimar Jónsson verksmiðjustjóri var spurður um heilsufar Sigurðar síðustu mánuðina, sem hann lifði. Hann svaraði með því að segja: „Hann var áreiðanlega veikur maður.“ Er ofanskráð læknisvottorð hafði verið lesið fyrir Valdimar, sagði hann, að það, sem hann kalli veiki, kunni læknirinn að kalla þreytu. Valdimar sagði, að Sigurður heitinn hafi oft kvartað um þreytu við sig og talað um verk fyrir brjósti og í höfði. Síðast hafi hann haft orð á þessu, um viku áður en hann lézt, en þá hafi hann komið heim til Valdimars. Valdimar var einnig um það spurður, hvernig Sigurður hefði rækt forstjórastarfið í Hörpu síðustu mánuðina og hvort framkoma hans hefði verið eðlileg, miðað við það, sem áður var. Valdimar kvað Sigurð hafa rækt starfið með þryði, en skap hans hafa verið örara síðustu mánuðina. Valdimar tók fram, að þeim Sigurði hefði aldrei sinnast í samstarfi, en þeir störfuðu saman í Hörpu frá 1952. Hins vegar hefði Sigurður haft uppi aðfinnslur við aðra starfsmenn, svo að þeir kvörtuðu við Valdimar um, að afstaða Sigurðar að þessu leyti væri breytt.

Orri Gunnarsson, skrifstofumaður hjá Hörpu h/f, var spurður sömu spurninga og Valdimar Jónsson um heilsu og störf Sigurðar Guðmundssonar. Orri sagði, að sér hefði virzt Sigurður heldur þreytulegur, ekki sízt upp á síðkastið. Þá hefði sér virzt hann laus við starfið eða tiltölulega lítið við, en ekki kvaðst Orri geta metið, hvernig hann rækti starfið. Hann sagði, að sér hefði virzt Sigurður æði mislyndur síðustu mánuðina og stundum uppstökkur af litlu tilefni. Hefði sér undir það síðasta, sem Sigurður lifði, þótt hann bera þreytumerki umfram það sem hann átti venju til áður fyrr.

Sigurður Ólafsson, skrifstofustjóri í Hörpu h/f, kvaðst hafa starfað með Sigurði Guðmundssyni alla tíð, meðan hinn síðarnefndi starfaði hjá fyrirtækinu. Hann var spurður sömu spurn-

inga og Valdimar og Orri, varðandi heilsu og störf hins látna. Hann kvaðst ekki hafa getað séð neitt óvenjulegt við heilsufar hans. Vitnið sagðist halda, að Sigurður heitinn hafi alla tíð rækt starf sitt með mikilli samvirkusemi og miklum áhuga, og ekki geta sagt, að framkoma hans hafi verið neitt óvenjuleg síðustu mánuðina, miðað við það, sem áður var. Sigurður heitinn hafi verið áhlaupamaður og unnið í skorpum, eftir því hvernig verkefni lágu fyrir. Mánuðinn áður en hann lézt hafi verið sumarfrí hjá starfsfólki Hörpu h/f og framleiðslan því svo til stöðvazt. Vitnið sagði, að hann hafi síðast rætt við Sigurð heitinn sunnudaginn áður en hann dó, en vitnið ætlaði í sumarfrí og úr bæn-um. Var um það rætt, hvað gera þyrfti í sambandi við störf vitnisins í fjarveru þess. Sigurður Ólafsson sagði, að það hafi verið síður en svo, að hann hafi þá merkt þreytumerki á hinum látna, og ekki kvað hann hafa haft orð á því síðustu mánuðina, sem hann lifði, að hann kenndi óvenjulegrar þreytu.

Oddur Helgason, sem kvaðst hafa verið nokkuð náinn samstarfsmaður Sigurðar Guðmundssonar og hafa starfað með honum frá 1946, var spurður sömu spurninga og að framan eru skráðar um heilsu og störf Sigurðar. Hann sagði, að sér hefði virzt heilsufar hans síðustu mánuðina, sem hann lifði, ekki hafa verið öðruvísi háttáð en undanfarandi ár. Ekki kvaðst Oddur hafa vitað til, að hann hefði rækt starf sitt síðustu mánuðina með öðrum hætti en áður.

Ólafur G. Einarsson var spurður, hvernig honum hefði virzt heilsufari Sigurðar hafa verið háttáð síðustu mánuðina, sem hann lifði. Hann svaraði með því að segja: „Hann var ákaflega þreyttur.“ Þá var Ólafur einnig spurður, hvort honum hefði virzt framkoma Sigurðar eðlileg þessa síðustu mánuði. Hann svaraði: „Það er eins og ég segi, hann var ákaflega þreyttur. Ég taldi það bara vera þreytu.“

Lögmaður stefnda fékk stefnanda að því spurða í máli þessu, hvort bílskúr fylgdi húsinu Ásvallagötu 24, og kvað hún svo vera. Ekki kvað hún það hafa verið venju manns síns að gera sjálfur við bifreið sína. Valdimar Jónsson og Orri Gunnarsson kváðust ekki heldur hafa vitað til, að svo hefði verið. Sigurður Ólafsson kvaðst ekki vita til þess, að Sigurður heitinn hafi að jafnaði gert við bifreið sína. Kvaðst hann þá eiga við það, sem menn færu almennt með á verkstæði til viðgerðar, hinn látni hafi almennt farið með bílinn á verkstæði. Vitnið sagði, að hann hefði séð Sigurð heitinn skipta um dekk, og eitt sinn kvað

hann hann hafa hjálpað sér að skipta um dekk. Páll Haukur Gíslason kvað það hafa komið þó nokkuð oft fyrir, að Sigurður heitinn gerði við bifreið sína. Bíllinn hefði verið settur á verkstæði, ef um meiri háttar viðgerðir var að ræða, en Páll Haukur kvaðst oft hafa þvegið hann og bónað. Oddur Helgason var einnig spurður, hvort hann hefði vitað til þess, að Sigurður heitinn gerði við bifreið sína. Hann kvað svo ekki vera.

Stefnandi var spurð að því, hvort það hafi oft komið fyrir, að maður hennar færi mjög snemma að heiman á morgnana og þá um hvaða leyti. Hún sagði, að það hefði mjög oft komið fyrir. Hafi hann oft farið um kl. 6, 7 og 8 á morgnana.

Stefnandi upplýsti aðspurð, að maður hennar hefði verið stærsti hluthafinn í Kemikalíu h/f, og sagði, að sig minnti, að þau hjón hefðu átt 22.000.00 kr. af hlutafénu, sem allt muni vera kr. 25.000.00. Stefnandi kvað fjárhag fyrirtækisins hafa verið, eins og gerist og gengur, þegar maður hennar féll frá. Hún sagði, að sér hefði fundizt allt í lagi með reksturinn og að fyrirtækið hafi átt fyrir skuldum sínum. Ólafur G. Einarsson sagði fyrir dómi, að Sigurður Guðmundsson hafi haft afskipti af rekstri Kemikalía h/f. Ólafur sagði enn fremur, að fjárhagurinn hefði verið fremur þröngur, þar sem ráðizt hafði verið í byggingarframkvæmdir, eða þröngt um peninga af þessum sökum, en annars hafi reksturinn gengið eðlilega. Aldrei kvaðst Ólafur hafa orðið var við, að Sigurður geymdi bifreið sína í húsa-kynnum fyrirtækisins.

Dómarar hafa, sem fyrr segir, athugað staðhætti í byggingu Kemikalía h/f. Vörugeymslan, sem Sigurður Guðmundsson lézt í, mun vera um 100 m² og um 320 m³.

Þá er þess að geta, að stefnandi kveðst ekki hafa tilkynnt stefnda lát manns síns sjálf og ekki vita, hvernig það var gert, en gera ráð fyrir, að Oddur Helgason hafi gert það. Þá er komið fram, að með bréfi 19. ágúst tilkynnir Sigurgeir Sigurjónsson hæstaréttariögmaður stefnda, að hann hafi, eins og hann hafi áður tjáð félaginu munnlega, umboð til að taka við vátryggingarfénu, sem krafði er í máli þessu. Hinn 18. nóvember 1959 kvittar stefnandi fyrir dánarbætur frá Tryggingastofnun ríkisins, að fjárhæð kr. 19.143.35.

Í máli þessu hefur verið lagt fram skattframtal Sigurðar Guðmundssonar árið 1959. Segir þar, að hrein eign sé kr. 144.091.40 og tekjur árið 1958 kr. 134.438.25. Meðal eignanna eru talin fram á nafnverði hlutabréf í 8 fyrirtækjum, en sannvirði þeirra er

miklum mun meira að sögn lögmanns stefnanda. Var það álit lögmannna beggja aðilja, að Sigurður hefði verið mjög vel efnum búinn.

Enn er þess að geta, að fyrir dóm hefur komið Héðinn Skúla-son lögregluþjónn. Hann kvaðst hafa verið starfsmaður í Hörpu h/f í nokkur ár, en hætt 1956 eða 1957. Skýrði Héðinn svo frá, að eitt sinn, meðan hann vann í Hörpu, hafi hann setið inni í bifreið með fleiri starfsmönnum, og var bifreiðin inni í vöru-geymslu fyrirtækisins. Kvað Héðinn sig minna, að Sigurður heitinn Guðmundsson, sem þarna kom að, hafi látið orð falla um, hvort ekki gæti verið hættulegt að láta bifreiðina vera þarna í gangi.

Hér á undan hefur það verið rakið, sem fram er komið um atvik máls þessa.

Verður nú greint frá þeim rökum, sem fram hafa komið til stuðnings kröfum þeim, sem gerðar hafa verið af hálfu aðilja.

Í stefnu er af hálfu stefnanda vísað til tryggingarskrteinisins.

Í greinargerð lögmanns stefnanda kveðst lögmaður hennar ekki geta að svo stöddu tekið afstöðu til varna stefnda, þar sem ekki hafi verið tilgreindar ástæður fyrir því, að neitað var að greiða tryggingarféð.

Í greinargerð stefnda segir m. a.:

„Umbj. telur með tilvísan til 3. tl. 1. gr. og d-liðar 4. gr. hinna almennu skilmála fyrir tryggingu þeirri, er Sigurður heitinn keypti sér, þá sé greiðsluskylda sín eigi fyrir hendi, þar sem augljóst megi telja, að tryggði hafi vegna sjúklegs ástands stýtt sjálfum sér aldur. Skal þetta nú rökstutt nánar.

Sigurður heitinn var 53 ára, er hann fellur frá. Hann hverfur að heiman frá sér um miðja nótt án nokkurs sjáanlegs tilefnis. Ekur bifreið sinni í vörugeymsluhús fyrirtækis, sem upplýst er, að hann heimsótti mjög sjaldan. Upplýst er og, að hann geymdi bifreið sína aldrei á þessum stað né lét gera við hana þar. Hver var skynsamlegur tilgangur með þessu ferðalagi? Ekki er sennilegt, að bifreiðin hafi verið biluð og hafi þurft einhverrar lagfæringar við. Slíkt gat að sjálfsögðu beðið næsta dags, enda mun Sigurður heitinn aldrei hafa fengizt sjálfur við slíkt, heldur látið starfsmenn Hörpu h/f annast allar viðgerðir og viðhald bifreiðar sinnar. Hver er ástæða þess, að öllum hurðum byggingarinnar er harðlæst innan frá? Hver er ástæða þess, að vél bifreiðarinnar er látin vera í gangi, eftir að inn í bygginguna er komið? Getur hver góður og skynsamur maður eigi sagt sér það sjálfur, að

slíkt er stórhættulegt? Hver er ástæða þess, að allar rúður bifreiðarinnar eru opnaðar? Er ástæðan sú, að kolsýrlingurinn frá útblástursröri bifreiðarinnar eigi auðveldara með að leika um þann, er dvelur inni í lokaðri geymslunni. Eftir að inn í geymsluna kom, þá virðist Sigurður heitinn hafa sett undir stýri í framsæti bifreiðar sinnar og vegna kolsýrlingsins sofnað fljótt og eigi vaknað aftur til lífsins. Ég get eigi annað séð en ferðalag Sigurðar heitins inn í Dugguvog hafi verið í þeim tilgangi að stytta sér aldur að yfirlögðu ráði. Af hvaða ástæðum þetta hefur verið gert, á ef til vill eftir að koma í ljós. Ljóst er, að Sigurður heitinn hefur verið orðinn helsjúkur maður, enda kom fram við krufningu á líki hans, að hann hefur gengið með illkynjað æxli í hægra nýra, þ. e. verið haldinn krabbameini. Sigurður heitinn hefur verið haldinn einhverri veiklun, sem gert hefur það að verkum, að hann hefur eigi séð aðra leið sér til bjargar en stytta sér aldur. Af þessum ástæðum telur umbj.m. sér eigi skylt að greiða tryggingarfjárhæðina.“

Í hinum munnlega málflutningi rakti lögmaður stefnanda það, sem fram hefur komið í málinu um heilsufar Sigurðar Guðmundssonar, en frá því hefur verið greint hér að framan. Taldi hann, að leggja yrði til grundvallar vottorð heimilislæknis hins látna. Lögmaðurinn sagði, að af hálfu stefnda hefði ekki verið sannað, að Sigurður hefði verið sjúkur maður, enda hefði svo ekki verið.

Þá taldi lögmaðurinn ótvírætt, að rétt væri, að Sigurður Guðmundsson hefði látizt af kolsýrlingseitrun. Slík slys væru sjaldgæf hér á landi, en algeng erlendis og yrðu hvað eftir annað, þó að flestir menn vissu um hættu þá, sem því er samfara að láta vélar bifreiða vera í gangi í lokuðum rúmum. Lögmaðurinn benti á, að enginn var við, er Sigurður andaðist, og sagði, að líklegast væri, að hann hefði þurft að beygja sig til að gera við hjól bifreiðar sinnar og þá orðið fyrir eitrun af kolsýrlingnum, sem væri þyngri en andrúmsloftið og hefði því verið niðri við gólf vörugeymslunnar. Ef ætlun Sigurðar hefði verið að svipta sig lífi, myndi hann hafa gengið frá verksummerkjum með öðrum hætti.

Lögmaður stefnanda taldi, að af hálfu stefnda bæri að sanna það lögfullri sönnun, að um sjálfsmorð væri að ræða. Kvað lögmaðurinn slíka sönnun ekki fram komna. Ekki væri við forðæmi frá íslenskum dómstólum að styðjast hér að lútandi, en lögmaðurinn rakti fimm danska dóma frá árunum 1897—1927,

sem hann taldi sýna, að gerðar væru strangar kröfur í Danmörku til sönnunar, eins og hér stendur á. Þá lagði lögmaðurinn áherzlu á, að ekki væri fram komið, að neitt varðandi hagi Sigurðar hefði verið með þeim hætti, að það gæti hafa verið orsök sjálfsmorðs, enda hefði hann bæði í einkalífi sínu og atvinnu verið hamingjumaður. Lögmaðurinn benti á, að Tryggingastofnun ríkisins greiddi dánarbætur vegna fráfalls Sigurðar, og kvað það skoðun sína, að tryggingarfélag ættu að greiða dánarbætur, nema augljóst væri, að um brot á skilmálum væri að ræða, enda hefði verið venja, að þau gerðu það.

Lögmaður stefnda kvaðst í hinum munnlega málfutningi byggja sýknukröfu sína á tvennu, í fyrsta lagi á því, að hér hefði verið um sjálfsmorð að ræða, og í öðru lagi til vara á því, að hinn látni hefði sýnt stórkostlegt gáleysi í sambandi við váttryggingaratburðinn, og væri félagið því ekki bótaskyldt samkvæmt 124. gr. laga nr. 20/1954 um váttryggingarsamninga.

Lögmaðurinn taldi, að váttryggingarfélaginu bæri að sanna, að um sjálfsmorð hefði verið að ræða, en kvað það skoðun sína, að ekki bæri að krefjast lögfullrar, algerlega ótvíræðrar sönnunar, sem jafngilti framburði tveggja óaðfínanlegra vitna. Lögmaðurinn taldi það fara eftir atvikum, hvaða sönnunargögn þyrftu fram að koma, og að næg sönnun um sjálfsmorð væri fram komin, ef telja yrði langsennilegast, að um sjálfsmorð væri að ræða, þegar athuguð væru öll atvik við andlát svo og framferði hins látna, áður en hann lézt, heilsufar hans allt og einkahagir. Lögmaðurinn ræddi nokkuð um danska dóma hér að lútandi og taldi, að þar í landi væru nú gerðar aðrar og minni kröfur en áður til sönnunargagna í málum af sama tagi og þetta mál er. Ræddi hann í því sambandi einkum einn dóm frá árinu 1948 og bar hann saman við dóma þá, er lögmaður stefnanda rakti. Einnig bar hann atvik í þessum málum öllum saman við atvik máls þess, sem hér er til úrlausnar, og taldi að því loknu, að hin dönsku fordæmi styddu, þegar á allt væri litið, sínar kröfur. Lögmaðurinn taldi, að öll atvik máls þessa væru með þeim hætti, að fram væri komin fullnægjandi sönnun fyrir því, að um sjálfsmorð hefði verið að ræða.

Þá vék lögmaðurinn að þeirri varnarástæðu, að sýkna bæri váttryggingarfélagið eftir ákvæðum 124. gr. laga nr. 20/1954. Taldi hann, að sanngjarnlega hafi mátt ætlazt til, að Sigurður Guðmundsson, sem var forstjóri efnaverksmiðju og aðaleigandi annarrar, stöðvaði hreyfil bifreiðar sinnar, er komið var inn í

vörugeymslu Kemikalía h/f, enda þyrfti ekki sérfróðan mann til þess að gera sér grein fyrir hættunni af kolsýrlingseitrun.

Þá ræddi lögmaðurinn einnig í ræðu sinni um hugtakið slys og komst að þeirri niðurstöðu, að ekki væri um slys að ræða, þegar framið væri sjálfsmorð eða dauða valdið með stórkostlegu gáleysi.

Lögmaður stefnanda tók fram, að hann mótmælti því, að 124. gr. laga nr. 20/1954 væri lögð til grundvallar dómi í þessu máli, þar sem því hefði ekki verið hreyft fyrr en í hinum munnlega málflutningi, að þess væri krafizt. Jafnframt tók lögmaðurinn fram til vara, að í váttryggingarskírteininu væri ekki vitnað í 124. gr., heldur gerðar vægari kröfur til váttryggingartaka en heimilt er samkvæmt greininni, sem frávíkjanleg væri váttryggingartaka í hag, eins og fram kæmi í greinargerð frumvarps til laga um váttryggingarsamninga, þar sem rætt er um 3. gr. þess.

Þar sem stefnandi situr í óskiptu búi, er hún, sbr. 122. gr. laga nr. 20/1954, réttur aðili máls þessa, enda er það ekki vefengt.

Telja verður sannað, að Sigurður Guðmundsson hafi látizt af kolsýrlingseitrun, eins og talið er í skýrslu prófessors Nielsar Dungal.

Ýmis atvik, varðandi andlátið, veita líkur fyrir því, að hinn látni hafi stytst sér aldur: Ferð hans um nótt um allangan veg í Dugguvog án sýnilegs tilefnis og svo það, að hann lætur vél bifreiðar sinnar vera í gangi í lokuðu rúmi, þó að honum hafi hlotið að vera ljós sú hætta, er því fylgir. Önnur atvik eru óljósari: Þó að ógerningur hafi verið að komast inn í vörugeymsluna um aðaldir hennar, gat hafa lokazt af sjálfu sér vegna umbúnaðarins á hurðum; aðgerðir hins látna í vörugeymslunnunni virðast að vísu ekki hafa verið nauðsynlegar með tilliti til ástands bifreiðarinnar eða eðlilegt, að hinn látni framkvæmdi viðgerð þarna, en hins vegar voru aðgerðirnar ekki þannig, að talið verði, að þær beri vott um vandlegan undirbúning að því að láta líta svo út sem ekki væri um sjálfsmorð að ræða. Þá er þess sérstaklega að geta, að vörugeymsla Kemikalía h/f er allstór salur, og þurfti því tiltölulega mikið magn af kolsýrlingi til að menga loftið þar inni svo, að lífshættulegt væri.

Upplýsingar, sem fullnægjandi geta talizt að lögum, liggja ekki fyrir um heilsufar Sigurðar Guðmundssonar, og fullt samræmi er ekki milli skýrslna þar að lútandi. Ekki er fram komið, að hinn látni hafi vitað um sjúkdóm þann, sem fannst í nýra

hans við krufningu. Verður ekki að álitu dómenda litið svo á, að hann hafi verið haldinn sjúkleika, sem geti gefið fullnægjandi skýringu á meintu sjálfsmorði, þannig að rekja megi dauða Sigurðar að nokkru eða öllu til sjúkdóms, sjúklegs ástands eða veiklunar.

Þá er og á það að líta, að Sigurður Guðmundsson hefur verið vel efnum búinn. Ekki er og annað fram komið en hann hafi verið lánsmaður í störfum og einkalífi.

Að álitu dómenda er ekki fram komið, hvert hefði getað verið tilefni þess, að Sigurður Guðmundsson fremdi sjálfsmorð. Þegar þess er gætt og öll atvik virt, þykir varhugavert að telja, að fullnægjandi sönnun sé fram komin fyrir því, að um sjálfsmorð hafi verið að ræða. Verður sú sýknuástæða því ekki tekin til greina.

Í hinum almennu skilmálum um slysaftryggingar, sem giltu um tryggingu þá, er mál þetta er af risið, segir, þar sem talað er um undanskildar áhættur, að félagið greiði ekki bætur fyrir „sjálfsmorð, tilraun til sjálfsmorðs, eða ef tryggði viljandi veldur sjálfum sér slysi eða áverka“. Ekki er í skírteininu vísað til 124. gr. laga nr. 20/1954, og ekki tekið fram, að félagið greiði ekki bætur, ef tjón verður vegna stórkostlegs gáleysis, eins og heimilt var að gera. Fallast verður á það með lögmanni stefnanda, að heimilt sé að víkja frá fyrrgreindu lagaákvæði félaginu í óhag, og þykir því verða að skýra tryggingarskírteinið þannig, að félagið hafi með því að áskilja sér aðeins hluta af þeim rétti, sem því var heimilt samkvæmt greininni, tekið að sér að bæta tjón vegna stórkostlegs gáleysis. Ekki hnekkja önnur ákvæði laga nr. 20/1954 þeirri niðurstöðu. Þegar af þessari ástæðu verður síðari sýknuástæða stefnda ekki tekin til greina.

Úrslit þessa máls verða þá þau, að stefnda verður dæmd til að greiða stefnanda kr. 1.000.000.00 auk vaxta, eins og krafizt er, enda hefur vaxtakröfunni ekki verið mótmælt sérstaklega. Eftir þessum úrslitum ber að dæma stefnda til að greiða stefnanda málskostnað, sem þykir, eins og á stendur, hæfilega ákveðinn kr. 45.000.00.

Einar Arnalds borgardómari kvað upp dóm þenna ásamt meðdómsmönnunum dr. með. Friðrikj Einarssyni dósent og Þórði Runólfssyni öryggismálastjóra.

Dómsorð:

Stefnda, Trygging h/f, greiði stefnanda, frú Rögnu Björns-

son, kr. 1.000.000.00 ásamt 7% vöxtum p.a. frá 17. september 1959 til greiðsludags og kr. 45.000.00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 23. júní 1961.

Nr. 71/1961. **Ákærvaldið** (Árni Guðjónsson hrl.)
 gegn

Þóri Jónssyni (Sigurður Ólason hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Bifreiðar. Of hraður akstur.

Dómur Hæstaréttar.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð ýmis ný gögn.

Leitt hefur verið í ljós, að sakavottorð það, sem getur í héraðsdómi, á eigi við ákærða, en samkvæmt fæðingarvottorði, dags. 19. júní 1961, er hann fæddur á Blönduósi hinn 18. apríl 1922, og samkvæmt vottorði frá sakaskrá ríkisins hefur hann, áður en héraðsdómur í máli þessu gekk, sætt í Reykjavík eftirtöldum refsingum:

1. 1946 28/6 Sátt, 200 króna sekt fyrir brot á 26. og 27. gr. bifreiðalaga.
2. 1958 2/1 Sátt, 150 króna sekt fyrir ölvun.

Að kröfu sækjanda hefur bifreiðaeftirlit ríkisins hinn 25. apríl 1961 vottað þetta um þyngd og gerð bifreiðarinnar R 1483: Bifreiðin er Volvo, gerð fyrir 46 farþega. Smíðaár hennar er 1954. Þá er bifreiðin var skráð ný, 28. janúar 1955, reyndist þyngd hennar 8800 kg.

Að beiðni sækjanda hefur bifreiðaeftirlit ríkisins látið framkvæma athugun á ökuhraða lögreglubifreiðarinnar R 4010 frá vegamótum benzinstöðvar Shell við Reykjanesbraut að Miklatorgi, og segir um þessa athugun í bréfi eftirlitsins, dags. 8. júní 1961:

„Við undirritaðir bifreiðaeftirlitsmenn framkvæmdum at-